

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald samanber samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi dags. 24. janúar 2007 og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu:

a) 240 lítra tunna	8.000 kr.
b) 660 lítra kar	10.000 kr.
c) 1.100 lítra kar	14.000 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	5.500 kr.
Sumarhús	5.500 kr.
Atvinnurekstur á iðnaðarlóðum	12.000 kr.
Atvinnurekstur á lögbýlum	6.500 kr.

Rúlluplast til urðunar	5 kr. pr./kg
Rúlluplast til endurvinnslu	0 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Flóahreppi, 24. janúar 2007.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2007